


Akureyri, 6. mars 2003

Alþingi – nefndasvið
samgöngunefnd
150 Reykjavík

Tilvísun: *Bréf samgöngunefndar dagsett 19. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um flutning starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar, 373. mál.*

Háskólinn á Akureyri hefur kynnt sér ofangreinda þingsályktunartillögu og þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á henni. Umsögn háskólans er hjálögð.

. Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar.

128. löggjafarþing 2002-2003.
Þskj. 419 – 373 mál.

Tillaga þessi gengur út á að flytja verkefni Ferðamálaráðs Íslands til aðila innan ferðaþjónustunnar. Fyrsta spurning sem vaknar er sú hvað átt sé við með hugtakinu „aðili í ferðaþjónustu“. Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu eru af ýmsum toga. Fyrir utan ríkið sjálft eru t.d. sveitarfélög stór hagsmunaaðili í ferðaþjónustu en þau eiga aðild að ferðamálasamtökum landshlutanna og Ferðamálasamtökum Íslands. Líklega er þó hér átt við fyrirtæki í greininni og hagsmunasamtök þeirra, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF).

Á árinu 1999 var skipan Ferðamálaráðs breytt í þeim tilgangi að endurspeгла sem best hina ólíku hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Nú eiga þar sæti fulltrúar samtaka sveitarfélaga, SAF, ríkis og Ferðamálasamtaka Íslands.

Sú ákvörðun að færa starf skrifstofu Ferðamálaráðs og ákvörðunartöku um notkun fjármuna til SAF er óeðlileg í þeim skilningi að með því er í raun verið að draga verulega úr áhrifum mjög stórra hagsmunaaðila í ferðaþjónustu sem nú eiga sæti í Ferðamálaráði.

Þá vaknar sú spurning hver komi til með að gæta hagsmuna þeirra fyrirtækja sem ekki eru nú aðilar að SAF. Innan SAF eru um 300 fyrirtæki en í gagnagrunni Ferðamálaráðs eru fyrirtæki í greininni tæplega 900. Það verður því að teljast vafasamt að ríkið feli SAF að ráðstafa miklum fjármunum í almenn markaðs- og kynningarmál. Hvað þá með hagsmuni þeirra ferðaþjónustufyrirtækja sem ekki eru aðilar að SAF? Sveitarfélög eru einnig stór aðili í rekstri í ferðaþjónustu eins og nefnt var hér að framan. Hin ýmsu ferðamálasamtök landshlutanna starfa undir hatti heildarsamtaka þeirra: Ferðamálasamtaka Íslands. Hluti af þeim fjármunum sem stjórnvöld hafa varið til markaðsmála í ferðaþjónustu hefur verið nýttur í samstarfi við ólík ferðamálasamtök landshlutanna og heildarsamtök þeirra.

Að framansögðu hlýtur það að teljast vafasamt ef ein hagsmunasamtök fyrirtækja í greininni sjái um almenn markaðs-, kynningar- og upplýsingamál stjórnvalda í ferðaþjónustu.

Tillagan er ekki í takt við þá umræðu sem hefur undanfarið verið á þeim nótum hvernig sé hægt að færa fleiri mál er varða ferðaþjónustu frá ráðuneytinu til undirstofnana þess. Sú umræða jókst í kjölfar setningar stjórnsýslulaga.

Jafnframt vaknar sú spurning hver yrðu viðbrögð erlendra söluaðila við þeirri breytingu sem tillagan gerir ráð fyrir. Hún gæti leitt til þess að ein hagsmunasamtök hafi umsjón með allri markaðsvinnu, almennri landkynningu og upplýsingagjöf. Af samkeppnisástæðum gefur slíkt fyrirkomulag hugsanlega tilefni til árekstra.

Íslendingar hafa verið að ná mjög góðum árangri í harði samkeppni á markaði ferðamennskunnar og almennt betri en víðs vegar annars staðar. Framlög ríkisins til ferðaþjónustu hafa stórlega verið aukin undanfarin ár, sérstaklega hvað varðar almenna kynningarþáttinn. Núverandi fyrirkomulag hefur m.a. lagt grunninn að því að gjaldeyristekjur ríkisins af ferðaþjónustu hefur tvöfaldast á nokkrum árum og stefna nú í um 40 milljarða á þessu ári.

Háskólinn á Akureyri mælir ekki með framgangi þessarar þingsályktunartillögu.